

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu og sorpeyðingu í Strandabyggð.

1. gr.

Gjaldskráin er sem hér greinir:

a. Árgjald.

Sorpgjald á íbúðir í þéttbýli	kr. 65.285
Sorpgjald á lögbyli og íbúðarhús í dreifbýli	kr. 53.820
Sorpgjald vegna sumarhúsa	kr. 32.640
Sorpgjald vegna gáma	kr. 8.990

b. Árgjald.

Sorpgjald á hverja starfsstöð fyrirtækis:

Fyrirtæki, stofnanir og aðrir lögaðilar greiða sorphirðugjald samkvæmt áætlun um kostnað við sorphirðu og sorpeyðingu frá þeim.

Flokkur 1	kr. 65.285
Flokkur 2	kr. 97.930
Flokkur 3	kr. 138.840
Flokkur 4	kr. 195.985
Flokkur 5	kr. 249.925
Flokkur 6	kr. 362.625
Flokkur 7	kr. 700.830
Flokkur 8	kr. 1.045.520
Flokkur 9	kr. 2.595.950
Flokkur 10	kr. 4.100.590
Flokkur 11	kr. 5.222.965

Sveitarstjórn raðar fyrirtækjum í flokka samkvæmt eðli og umfangi starfsemi þeirra.

2. gr.

Að lokinni álagningu skv. 1. gr. hafa greiðendur 30 daga frest til að gera athugasemdir við gjaldtöku Strandabyggðar. Athugasemdir skulu vera skriflegar og vel rökstuddar. Sveitarstjórn er heimilt að breyta gjaldtöku með tilliti til réttmætis framsettra athugasemda.

3. gr.

Gjaldskrá þessi er samþykkt af sveitarstjórn Strandabyggðar 12. desember 2023. Gjaldskráin er sett skv. ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.

Gjaldskrá þessi tekur þegar gildi og fellur jafnframt brott gjaldskrá nr. 137/2022 fyrir sorphirðu og sorpeyðingu í Strandabyggð.

Strandabyggð, 6. febrúar 2024.

Borgeir Pálsson sveitarstjóri.